

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Höepfnersbryggju – siglingaklúbbinn Nökkva.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 18. október 2022 breytingu á deiliskipulagi fyrir Höepfnersbryggju – siglingaklúbbinn Nökkva.

Breytingin felst í stækkun skipulagssvæðisins að sveitarfélagamörkum á Leirubru. Gert er ráð fyrir aðskildum göngu- og hjólastígum, breytingum á landfyllingu og útivistarsvæði, fjórum áningarstöðum meðfram Leirustíg og tveimur nýjum bryggjum fyrir starfsemi siglingaklúbbsins Nökkva.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 22. desember 2022,

María Markúsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfudagur: 6. janúar 2023